

Sþ.

163. Tillaga til þingsályktunar

[130. mál]

um athugun og tillögur til úrbóta á vanda þeirra aðila, sem stunda veitinga- og gistihúsarekstur að vetrarlagi utan mestu þéttbýlissvæða landsins.

Flm.: Pálmi Jónsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa nefnd til þess að athuga og gera tillögur um úrbætur á vanda þeirra aðila, sem stunda veitinga- og gistihúsarekstur að vetrarlagi utan mestu þéttbýlissvæða landsins. Skal nefndin m. a. taka til athugunar rekstrarafkomu og rekstrarfjárför þessara þjónustuaðila yfir vetrarmánuðina, ásamt leit að leiðum til bættrar afkomu, enn fremur tillögur um aðstoð hins opinbera, ef þess er þörf, og samræmingu slíkrar aðstoðar.

Nefndin skal skila álitni eigi síðar en svo, að leggja megi tillögu hennar fyrir Alþingi á næsta hausti.

Greinargerð.

Á síðustu árum hefur áhugi á ferðamálum og ferðamannaþjónustu farið vaxandi hér á landi. Sá áhugi hefur mest vírst beinast að því að koma hér upp aðstöðu til þess að taka við sívaxandi fjölda erlendra ferðamanna, gera Ísland að ferðamannalandi. Þrátt fyrir, að það verði æ augljósara, með hve mikilli varúð þarf að ganga inn á þá braut, benda nýjar áætlanir um ferðamál, sem nú eru til athugunar hjá stjórnvöldum, mjög ótvírætt til, að þar sé enn stefnt í sömu átt.

Á sama tíma hefur þeim aðilum, sem fást við hina venjulegu ferðamannaþjónustu víðs vegar um landið, fyrst og fremst fyrir Íslendinga sjálfa, verið litill gaumur gefinn. Margir einkaaðilar af þessu tagi, þ. e. þeir, sem stunda veitinga- og gistihúsarekstur utan aðalþéttbýlissvæða landsins, eiga nú við mikla og vaxandi erfiðleika að etja í því að halda starfsemi sinni í gangi yfir vetrarmánuðina, þegar tekjur af ferðamönnum eru í lágmarki. Til þessa liggja þær höfuðorsakir, að á síðustu árum hefur rekstrarkostnaður við þessa þjónustustarfsemi vaxið mjög, ekki síst í kjölfar vinnutímastyttingarinnar, sem óhjákvæmilega leiddi af sér fjölgun starfsfólks, kröfur um aðstöðu og aðbúnað ferðafólks hafa farið vaxandi, svo sem eðlilegt má telja í tímans rás, og síðast, en ekki síst hafa afskipti opinberra aðila af þessum málum m. a. komið fram í því að veita harðnandi samkeppni á þessu sviði með því að opna sem víðast ríkisrekin gistihús yfir bestu sumarmánuðina, þegar hægt er að fleyta rjómann af mesta ferðamannastraumnum. Er það og í samræmi við þá skoðun, að alla áherslu beri að leggja á þann tíma ársins, sem útlendir leggja hingað tíðast leið sína. Afleiðingin er sú, að ýmsir þeirra, sem lagt hafa kapp á að auka og bæta þessa mikilvægu þjónustu og halda henni uppi allt árið, ná ekki þeim tekjum út úr rekstri sumarsins, sem dugi til að vega upp hallarekstur vetrarins. Yfir vofir, verði ekki úr bætt, að þeir kunni að neyðast til að loka yfir veturinn, þegar síst má án þjónustu þeirra vera. Má rekja mörg dæmi þess, hver nauðsyn er slíkrar þjónustu fyrir ferðamenn, sem þurfa að brjótast í misjafnri færð í hrakviðrum vetrarins yfir hina ýmsu fjallvegi landsins eða setjast um kyrrt og komast hvergi, stundum dögum saman. Getur há jafnvel riðið á lífi eða dauða, hvar áningarstað er að finna.

Á undanförunum árum hefur verið varið nokkrum fé á fiárlögum til þess að styrkja þjónustuaðila af því tagi, sem hér hefur verið lýst. Nú liggur fyrir beiðni um fjárráframlög frá fleiri aðilum en áður, auk þess sem farið er fram á hækkun til sumra þeirra, sem notið hafa framlaga að undanförunum.

Á síðasta Fjórðungshingi Norðlendinga, sem haldið var á Húsavík 21.—23. okt. s. l., komu þessi mál til umræðu, og var þar afgreidd svofelld ályktun:

„Fjórðungshing Norðlendinga skorar á alþingismenn Norðlendinga að beita sér fyrir fyrirgreiðslu og fjárhagsaðstoð til þeirra aðila, sem reka hótélstarfsemi við þýðingarmiklar samgönguleiðir að vetrarlagi, vegna ómissandi þjónustu við ferðamenn, án þess að nokkur fjárhagsgrundvöllur sé fyrir starfseminni. Jafnframt skorar

þingið á alþingismenn, að beita sér fyrir samsvarandi aðstoð til þeirra, sem stunda ómissandi hótelpjónustu í minni þéttbýlisstöðum að vetrarlagi, án þess að von sé um hallalausan rekstur.

Jafnframt vekur Fjórðungsþing athygli á lánakjörum Ferðamálasjóðs, en lán hans eru bundin vísitölu framfærslukostnaðar.“

Mörg rök virðast því mæla með því, að mál þessi verði nú tekin til gagnrýningar athugunar í heild, eins og lagt er til með þessari tillögu. Hér er um vandamál að ræða, sem snertir ekki einvörðungu þá aðila, sem hér eiga mest hlut að; það er einnig mál, sem ástæða sýnist til, að þjóðfélagið sem heild gefi vaxandi gaum. Því er þessi tillaga flutt.

Hér með birtist sem fylgiskjal skrá yfir framlög á fjárlögum 1973 til að halda uppi byggð og gistingu handa ferðamönnum. Þess má geta, að hluti af því fé, sem rennur til gistihússins í Fornahvammi, gengur til framkvæmda við mannvirki ríkisins þar á staðnum.

Fylgiskjal.

VEGAGERÐ RÍKISINS

Styrkir á fjárlögum árið 1973 til að halda uppi byggð og gistingu handa ferðamönnum.

1. Skíðafélag Reykjavíkur	kr.	25.000,00x)
2. Hreðavatnsskáli	—	50.000,00
3. Staðarskáli í Hrútafirði	—	50.000,00
4. Kirkjuból í Langadal	—	15.000,00
5. Fremri-Kot, Skagafirði	—	15.000,00
6. Víðidalur, N.-Múl.	—	20.000,00
7. Möðrudalur, N.-Múl. (Sv.V.)	—	15.000,00
8. Möðrudalur, N.-Múl. (Þórh.J.)	—	15.000,00
9. Húsavík eystri, N.-Múl.	—	10.000,00
10. Býli á Hólsfjöllum:		
a. Grímsstaðir (Kr. Sig.)	—	8.000,00
b. Grímsstaðir (Karl Kr.)	—	8.000,00
c. Grímstunga	—	8.000,00
d. Hólssetur	—	8.000,00
e. Nýhóll	—	8.000,00
11. Gistihúsin Bjarkarlundi og Flókalundi	—	750.000,00
12. Gistihúsið Fornahvammi (rekstur allt árið)	—	1.000.000,00
13. Flókalundur Vatnsfirði, byggingarstyrkur	—	100.000,00
14. Guðlaugsvík	—	30.000,00
15. Hólmavík	—	50.000,00
16. Fornahvammur (greiðist til H. Ó.)	—	300.000,00
17. Hótel Bjarg, Búðardal	—	30.000,00

Gistingarstyrkir samtals kr. 2.515.000,00

Til bílastæða við fjölsóttu ferðamannastaði

(Styrkir til snjóbíla falla niður)

Til greiðslu styrkja alls kr. 2.805.000,00

Fjárv. á fjárlögum 1973 kr. 2.305.000,00

Mismunur kr. 500.000,00

Rvík. 5/2 1973. E. H. K.

x) Fellur væntanl. niður, þar sem félagið hefur hætt rekstri skíðaskólans.